



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Fornleifadeild

Fornleifakönnun í landi

Hólsár, Kaldár og Fremri Breiðadals



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Október 2013

NV nr. 25-13

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR.....	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR.....	3
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	3
2.2 AÐFERÐAÐFRÆÐI.....	5
SKRÁ YFIR FORNLEIFAR.....	5
3. KALDÁ Í ÖNUNDAFIRÐI	5
3.1. SAGA KALDÁR.....	5
3.2 KALDÁ FORNLEIFAR	6
4. HÓLL Á HVILFTARSTRÖND.....	16
4.1 SAGA HÓLS.....	16
4.2.HÓLL FORNLEIFAR.....	16
5.FREMRI BREIÐDALUR Í ÖNUNDAFIRÐI	30
5.1 SAGA FREMRI BREIÐADALS	30
5.2. FREMRI BREIÐDALUR FORNLEIFAR	30
6. SAMANTEKT	32
7. HEIMILDASKRÁ.....	34

1. INNGANGUR

Að beiðni Birkis Þórs Guðmundsonar hjá fyrirtækinu Orkuver gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á afmörkuðum svæðum á jörðunum Hóli á Hvilftarströnd, Kaldá og Fremri Breiðadal. Rannsóknin var gerð vegna skipulagsvinnu sem tengjast fyrirhuguðum virkjunum á Hólsá, Kaldá og Þverá. Rannsóknarsvæðið afmarkaðist af 160 metra breiðu svæði sitt hvoru megin árnar og náði vel upp í samnefnda dali. Rannsóknina gerði Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur dagana 1.-2. júlí 2013 og sá jafnframt um skýrslugerð. Kortagerð annaðist Hulda Birna Albertsdóttir.

2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012. segir að löggin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga löggin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og mældir upp með Trimble pro uppmælingatæki og þeir skráðir ISNET hnitakerfi (íslenskt hnitakerfi). Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (Kaldá ÍS- 199391) og hins vegar í Jarðatali Johnsens frá 1847 (Kaldá ÍS- 199391- 101). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. Kaldá ÍS- 199391- 101-001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins. Kaldeyri tilheyrði jörðinni Kaldá sem er 101 í Jarðatali Johnsens.

3. KALDÁ Í ÖNUNDAFIRÐI

3.1. SAGA KALDÁR

Í Jarðabók Árna og Páls rituð að HrafNSEYRI við Arnarfjörð 1.-4. september árið 1710 segir um Kaldá í Önundarfirði: „Jarðardýrleiki er 12 hundruð og tíundast presti og fátækum. Engjar eru mestan part eyðilegar fyrr skriðum. Úthagar eru og svo mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum undir mósköflum.¹ Kaldá var kirkjueign í rúm 500 ár en Holtskirkja náði að eignast Kaldá á árum 1377-1397 og átti jörðina enn árið 19012. Jörðin fór í eyði árið 1991. Árið 1913 var byggt nýbýli í landi Kaldár sem kallaðist Kaldeyri og var búskapur þar til 1943”.

¹ Árna Magnússonar og Páls Víталín . 1938,bls. 122-123

² Firðir og Fólk 1999, bls 372

³ Firðir og Fólk 1999, bls 372

3.2 KALDÁ FORNLEIFAR

Minjar má sjá á korti 1.

Kaldá ÍS-199391- 101-001

Hlutverk: Býli

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: N 622652 A 298925

Staðhættir: Um 100 metra norðaustur af veginum að Flateyri er bæjarhóll Kaldár. Útmörk deiliskipulagsreits liggur yfir bæjarhólinn.

Minjalýsing: Bæjarhóllinn samanstendur af þremur frekar lágum hólum og stendur þar íbúðarhús, líklega byggt um 1900. Bæjarhóllinn er um 200 metrar í ummál og eru rústir í kring um hólinn en utan deiliskipulagssvæðis. Hugsanlegt er að minjar séu í jörð á fleiri stöðum á Kaldá en á bæjarhólnum þar sem hann er ekki mjög hár.

Kaldá ÍS-199391- 101-002

Hlutverk: Rafveita

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N 622620 A 299019

Staðhættir: Um 90 metra suðaustur af bæjarhólnum er hleðsla sem liggur upp brekku ofan við bæinn. Í Bókinni Firðir og fólk segir: „Rafstöð var byggð á Kaldá árið 1927 3kw að stærð. Var hún í notkun að mestu til 1988 en þá kom rafmagn frá samveitu“⁴.

Minjalýsing: Torf og á sumum stöðum grjót hefur



Mynd 1. Rörið sem lá niður að rafstöð.
Ljósmynd: MHH.

⁴ Firðir og fólk 1999: bls. 418

verið hlaðið utan um járnör sem liggur upp brekku og ofan í ána. Þar er vatnið leitt inn í leiðslu og veitt niður brekkuna og hefur fallkraftur vatnsins verið virkjaður til að snúa hjóli. Leifar þess mannvirkis má sjá ennþá en leifarnar eru af illa förnu timburhúsi. Rörið náði 208 metra fyrir ofan „timburhúsið“ og 80 metra fyrir neðan það. Alls er lengd þess 288 metrar.

Kaldá ÍS-199391- 101-003

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hleðsla/ garður

Staðsetning: N 622568 A 298976

Staðhættir: Um 25 metra ofan við bæinn

Kaldá er túngarður. Hann liggur í boga aftan við bæinn og niður með túninu beggja megin

bæjarins. Alls er lengd hans 340 metrar og sést hann best við ána niður undir Flateyrarveg. Sá vegur hefur að öllum líkindum skemmt garðinn þegar hann var lagður. Aðeins hluti túngarðsins er innan afmarkaðs deiliskipulagsreits.

Minjalýsing: Hæstur er garðurinn 50 cm á hæð og er hann 1 metri á breidd. Garðurinn hefur verið grjóthlaðinn en er nú orðinn sokkinn og yfirgróinn að stærstum hluta nema við veginn eins og áður hefur komið fram.



Mynd 2. Skráningarmaður mælir garðlagið.
Ljós:MHH. Tekið í SV.

Kaldá ÍS-199391- 101-004

Hlutverk: Garður/óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N 622609 A 299005

Staðhættir: Á túnunnu suðaustur af bænum um 10 metra norður af læknum er garðlag.

Minjalýsing: Garðlagið er L laga og gert út stóru grjóti og er um 40 cm á hæð og um 46



Mynd 3. Niðurgrafín og hlaðin rúst.Tekið í N.
Ljós:MHH.

metrar á lengd. Tilgangur er óljós. Ekki er um að ræða túngarð, hugsanlega leifar af aðhaldi.

Kaldá ÍS-199391- 101-005

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 622661 A 299136

Staðhættir: Um 200 metra austur af bæjarhúsum á Kaldá og 30 metra norður af læknum í lítilli laut má sjá rúst.

Minjalýsing: Rústin er eitt hólf og er opin til suðurs í átt að læknum. Innan mál hennar er 3x3 metrar og veggir eru þykkastir um 3 metrar enda er hún nokkuð hrunin. Hæð veggja eru um 50 cm. Rústin er nokkuð yfirgróin en þó sér vel í hleðslur hennar innan frá.

Kaldá ÍS-199391- 101-006

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir: Árin 1913-1914 var byggt íbúðarhús niður við sjóinn á Kaldá og nefnt Kaldeyri. Reinharður Kristjánsson byggði húsið og bjó þar í fáein ár. Búið var með lítinn búskap þar til 1944 og húsið nýtt til sumardvalar til 1993⁵. Í ævisögu Reinharðs segir hann: “Um vorið hætti ég að búa [á Kaldá] en Örnólfur Halldórsson, sem nú er tengdasonur minn, tók við jörðinni. Flutti ég mig nú til sjávar og byggði þar steinhús, timburhús, hjall, fjárhús og hlöðu. Einnig byggði ég bólverk fyrir framan húsið, og

⁵ Firðir og fólk 1999: bls. 418

kostuðu allar þessar byggingar mig 6000 kr. Þótti mér þægilegt að koma með afla og gera að fiskinum á bólverkinu“⁶ [bólverk er hafnarmannvirki].

Minjalýsing: Húsið sem byggt var á Kaldeyri brann árið 1993, það hafði verið notað sem sumarhús frá árinu 1944 þegar búskap var hætt á Kaldeyri⁷.

Kaldá ÍS-199391- 101-007

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 622454 A 298731

Staðhættir: Fast niður við sjóinn um 188 metra neðan við Flateyrarveg og 270 metra neðan við bæinn Kaldá ,stóð býlið Kaldeyri og eru þar margar rústir.

Minjalýsing: Rústin er opin út að sjónum og eru tvö hólf. Greinilegt er að timburgafl hefur verið á húsinu. Veggir eru háir og óhrundir og eru um 120 cm á hæð og eru tveir metrar á breidd. Rústin er 7x3 metrar að innan máli. Framan við rústina er bátur.

Kaldá ÍS-199391- 101-008

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Varnargarður/túngarður

Tegund: Garður

Staðsetning: N 622441 A 298755

Staðhættir: Fast niður við sjóinn, um 188 metra neðan Flateyrarveg og 270 metra neðan



Mynd 4. Garðlag meðfram Kaldá. Tekið í SV. Ljós: MHH.

⁶ Á sjó og landi. 1932: bls 80

⁷ Firðir og fólk 1999: bls. 418

við bæinn Kaldá, stóð býlið Kaldeyri. Við ána Kaldá, þar sem hún rennur til sjávar er garðlag.

Minjalýsing: Líklegt er um að ræða túngarð eða varnargarð þar sem hann er byggður alveg við ána, hugsanlega til að varna því að áin flæði inn að húsum og túni í leysingum. Garðurinn er hæstur um 50 cm á hæð og í allt um 107 metrar á lengd og liggur að mestu meðfram áni. Efst og neðst er 90 gráðu beygja á garðinum og eru beygjurnar 10-12 metrar. Hleðslur í garðinum sjást vel.

Kaldá ÍS-199391- 101-009

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 622452 A 298760

Staðhættir: Í ævisögu Reinharðs



Mynd 5. Fjárhús á Kaldeyri. Tekið í NA. ljósm: MHH.

Kristjánssonar segir hann: „Um vorið hætti ég að búa [á Kaldá] en Örnólfur Halldórsson, sem nú er tengdasonur minn, tók við jörðinni. Flutti ég mig nú til sjávar og byggði þar steinhús, timburhús, hjall, fjárhús og hlöðu. Einnig byggði ég bólverk fyrir framan húsið, og kostuðu allar þessar byggingar mig 6000 kr. Þótti mér þægilegt að koma með afla og gera að fiskinum á bólverkinu⁸ [bólverk er hafnarmannvirki]. Um 60 metra frá fjörunni er fjárhús.

Minjalýsing: Fjárhúsið stendur í horni rétt utan við hlaðna rétt. Rústin er ílöng og er einhvers konar pallur aftan við hana sem er líklega leifar að hlöðu. Veggir eru mjög háir eða 150 cm á hæð. Rústin er opin út til hafs. Rústin er mjög gróin en þó sér vel í hleðslur. Stærð hennar er 13x18 metrar að utanmáli og veggir eru um tveir metrar á breidd.

⁸ Á sjó og landi. 1932: bls 80

Kaldá ÍS-199391- 101-010

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N 622454 A 298741

Staðhættir: Framan við fjárhúsið [008] og við hlið garðsins [007] er ferhyrnd rétt.

Minjalýsing: Réttin er flöng og er 26 metrar á lengd og 9 metrar á breidd. Hleðslur er nokkuð hrundar og yfirgrónar. Veggir eru um tveir metrar á breidd og hæð þeirra er 20-30 cm. Réttin er opin til norðausturs og suðvesturs á sitt hvorum endanum.

Kaldá ÍS-199391- 101-011

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rústahóll

Staðsetning: N 622460 A 298943

Staðhættir: Um 5 metrum aftan við rúst [006].

Minjalýsing: Rústahóllinn virðist eldri en minjarnar í kring. Annar gróður er á rústinni og má greina ógreinilega tvö hólf og veggjastubb. Á einstaka stað sér í grjót. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir notkun á byggingunni.

Kaldá ÍS-199391- 101-012

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Óþekkt/varnargarður

Staðsetning: N 622468 A 298758

Staðhættir: Aftan við rústahól [110] er hleðsla hugsanlega hluti af vegg.

Minjalýsing: Hleðslan er gróin og ekki sér í grjót. Hún er 12 metrar á lengd og 2 metrar á breidd og snýr í austur/vestur. Lítil spræna er við hliðina á hleðslunni og hugsanlega var hún gerð til varnar þess að vatn bærisk að húsum og inn á tún í leysingum.

Kaldá ÍS-199391- 101-013

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Niðurgröftur

Tegund: Húsgrunnur

Staðsetning: N 622461 A 298728

Staðhættir: Við hlið [006] er ferhyrndur grunnur. Líklega að húsi sem búið er að rífa. Hugsanlega er þetta grunnurinn að íbúðarhúsi sem stóð á Kaldeyri og brann árið 1993. Grunnurinn er fullur af rusli.

Kaldá ÍS-199391- 101-014

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Bólverk

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N 622428 A 298719

Staðhættir: Í ævisögu Reinards Kristjánssonar segir: „Um vorið hætti ég að

búa [á Kaldá] en Örnólfur Halldórsson, sem nú er tengdasonur minn, tók við jörðinni. Flutti ég mig nú til sjávar og byggði þar steinhús, timburhús, hjall, fjárhús og hlöðu. Einnig byggði ég bólverk fyrir framan húsið, og kostuðu allar þessar byggingar mig 6000 kr. Þótti mér þægilegt að koma með afla og gera að fiskinum á bólverkinu⁹ [bólverk er hafnarmannvirki].



Mynd 6. Bólverk á Kaldeyri. Tekið í NA.
Ljós:MHH.

⁹ Á sjó og landi. 1932: bls 80

Minjalýsing: Framan við rústirnar í fjörunni er hlaðið mannvirki sem er það sem Reinald kallaði bólverk. Þetta er hlaðinn garður, sléttur að ofan og gerður úr grjóti en steypa hefur verið sett á milli. Hleðslan er í fjörunni þar sem tún og fjara mætast og liggur í norður-suður. Lítil bryggja er svo hlaðin og steypt út í fjöruna og er hún einn metri á breidd og fjórir metrar á lengd.

Kaldá ÍS-199391- 101-015

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Lending

Tegund: Lending

Staðsetning: N 622431 A 298707

Staðhættir: Framan við rústirnar á Kaldá er rudd vör.

Minjalýsing: Grjóti hefur verið rutt úr fjörunni til að gera lendingu á bát auðveldari. Lendingin er 3 metrar á breidd.



Mynd 7. Tvær lendingar út frá Kaldeyri. Tekið í V. Ljós: MHH.

Kaldá ÍS-199391- 101-016

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Lending

Tegund: Vör

Staðsetning: N 622444 A 298705

Staðhættir: Í fjörunni framan við rústirnar á Kaldeyri, um 11 metrum frá lendingu [011] er önnur rudd lending. Hún er 3 metrar á breidd.

Kaldá ÍS-199391-017

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Óþekkt/torfstunga

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: N 622480 A 298790

Staðhættir: Um 30 metra aftan við fjárhús [008] er ferhyrndur niðurgröftur.

Minjalýsing: Stærð 9x6 metrar líklega hefur torf verið stungið þarna.

Kaldá ÍS-199391- 101-018

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N 622551 A 298821



Staðhættir: Um 100 metra norðaustur af *Mynd 8. Rétt. Tekið í S. Ljósm:MHH.* rústunum á Kaldeyri er hlaðin rétt.

Minjalýsing: Réttin er hlaðin úr torfi og grjóti og er hleðslur hæstar um 160 cm. Innanmál réttarinnar er 16 metrar á lengd og 6 metrar á breidd. Veggir eru breiðastir 2 metrar. Réttin er opin til norðausturs.

Kaldá ÍS-199391- 101-019

Sérheiti: Kaldeyri

Hlutverk: Óþekkt/Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N 622380 A 298774

Staðhættir: Um 40 metra austan við ósa Kaldár er steinn og framan við hann er lítill hleðsla.

Minjalýsing: Hugsanlega er um að

ræða spor eftir börn. Þar sem hleðslan er mjög lítill. Hún stendur við stóran stein en líka gæti verið um að ræða lambakró. Innanmál er 1 ½ metri.



Mynd 9. Hleðsla framan við stóran stein. Tekið í SA.
Ljósni:MHH.

4. HÓLL Á HVILFTARSTRÖND

4.1 SAGA HÓLS

Fyrstu heimildir um byggð á Hóli á Hvilftarströnd eru frá 1570 en þá eignast kirkjan í Holti jörðina og átti hana allar götur síðan.¹⁰ Um 1700 er jarðardýrleiki Hóls á Hvilftarströnd 12 hundruð og eigandi jarðarinnar er kirkjan í Holti. Hóll fór í eyði árið 1907 þó byggðist bærinn aftur í stuttan tíma á árunum 1932-1938 og var reist lítið timburhús á hólana neðan við gamla bæjarhólinn. Eftir að hvalstöðin á Sólbakka brann árið 1901 var hafist handa við byggingu nýrrar hvalstöðvar í landi Hóls. Voru þar byggð nokkur hús og sést grunnar þeirra enn. Stærsta og sýnilegasta mannvirkið er þó múrsteinshlaðin reykháfur og stór járnketill sem stendur við hlið reykháfsins. Hvalstöðin var aldrei gangsett.

4.2.HÓLL FORNLEIFAR

Minjar má sjá á korti 2.


Hóll- ÍS-141043- 102-001

Hlutverk: Bæjarhóll/ býli

Tegund: Rúst/gangnabær

Staðsetning: N 623419 A 298019

Staðhættir: Rétt ofan Flateyrarvegar, á móts við hlaðin múrsteinsturn frá Hvalstöð, er bæjarhóll. Bæjarhóllinn er 110 metrar norðaustur af veginum.




Mynd 10. Bæjarhóllinn á Hóli. Tekið í S. Ljósni:MHH.

Bæjarhóllinn stendur hátt upp úr umhverfinu og á honum eru rústir síðasta bæjararins sem fór í eyði árið 1908. Allt í kring um bæjarhólinn eru rústir og er því hér mjög heilstætt minja umhverfi. Aldrei var búið á Hólsá eftir að það fór í eyði og því allar rústir til staðar.

¹⁰ Firðir og Fólk.1999:374

Minjalýsing: Bæjarhóllinn er 180 metrar að ummáli. Rústir bæjarins eru mjög greinilegar og veggir nokkuð háir eða um 120 cm. Rústir bæjarins eru mjög grónar en þó sér hleðslur á mörgum stöðum. Bærinn hefur verið dæmigerður gangnabær og eru fimm herbergi í bænum og tvenn bæjargöng. Vestan megin og fast við bæinn er annað lítið [002] hús og austan megin er heygarður [003] í brekku, framan við bæinn er svo hlaðinn kálgarður[004]. Bæjarhúsin eru 18 metrar á breidd og 13 metrar á lengd.



Teikning 1. Teikning af bænum, heygarði og kálgarði. Teikning:MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-002


Hlutverk: Óþekkt/ útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623433 A 298008

Staðhættir: Fast við rústir bæjarins á Hólsá eða aðeins einn metri frá bæjarrústum er hús sem er hluti af bænum en ekki sambyggt.

Minjalýsing Húsið er opið fram á bæjarhlaðið í suðvestur. Húsið er 3x3 metrar að innanmáli og veggir eru tveir metrar á breidd og um 1 metri á hæð.



Teikning 2. Húsið er ekki sambyggt bænum. Teikn:MHH.


Hóll- ÍS-141043- 102-003

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N 623419 A 298032

Staðhættir: Fast við bæjarrústir á Hólsá eða um einn metri frá bænum er hlaðinn heygarður.



Teikning 3. Heygarður merktur með rauðum hring. Teikn:MHH.

Minjalýsing: Garðurinn er opinn til austurs og er 9 metrar á lengd að innanmáli og 4 metrar að breidd. Veggir eru breiðastir 2 metrar og hæð þeirra einn metri. Garðlagið er mjög gróið.

Hóll- ÍS-141043- 102-004


Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N 623406 A 298012

Staðhættir: Framan við bæjarrústirnar er hlaðinn kálgarður. Kálgarðurinn er í brekku og er 3 metrar frá framhlið bæjarins.

Minjalýsing : Kálgarðurinn snýr í suður og er 12 metrar á breidd og 9 metrar á lengd. Ummál garðsins er 50 metrar. Breidd veggja 2 metrar.



Teikning 4. Kálgarður framman við bæinn merktur rauðum hring. Teikn:MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-005

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: N 623414 A 298036

Staðhættir: Við suðurhorn á heygarðinum [003] er brunnur.

Minjalýsing: Brunnurinn er niðurgrafinn og um 1 metri í þvermál. Hefur fallið saman.

Hóll- ÍS-141043- 102-006**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623388 A 298084**Staðhættir:** Um 70 metra austur af bæjarhólnum er fjánhús og við hlið þess annað hús.

Minjalýsing Fjánhúsið er tvö hólf og er hlaða aftan við fjánhúsið, sambyggt og innangengt úr fjánhúsinu í hlöðuna. Garði er í miðju fjánhúsins. Innan mál rústarinnar er 6 metrar að lengd og 3 metrar á breidd og opið til suðurs. Veggir eru lítið hrundir og um 80 cm á hæð. Húsið er í norður suður.



Mynd 11. Fjánhús frá Hóli. Tekið í N.
Ljós: MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-007**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623383 A 298091**Staðhættir:** Fast við fjánhús [004] er annað fjánhús sem liggur í austur -vestur og opið til suðurs eins og fjánhúsið við hliðina.

Minjalýsing: Fjánhúsið hefur hlöðu aftanvið og er því tvö hólf en ekki var hægt að greina að innangengt hafa verið á milli en líklega hefur hrunið í opið. Garði er í miðju fjánhúsins. Hlaðan er nokkuð djúp og veggir standa nokkuð heilir eða 80-110 cm. Rústin er 11 metrar á lengd og 3 metrar á breidd.



Mynd 12. Fjánhús með greinilegum garða . Tekið í A. Ljós: MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-008**Hlutverk:** Brunnur**Tegund:** Brunnur**Staðsetning:** N 623382 A 298086**Staðhættir:** Framan við fjárhúsin er brunnur.**Minjalýsing:** Brunnurinn er um einn metri í ummáli og nokkuð djúpur en yfirgróin.

Mynd 13. Brunnur framan við fjárhúsin.
Ljós: MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-009**Hlutverk:** Óþekkt/Útihús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623350 A 298134**Staðhættir:** Um 45 metra suðaustur af fjárhúsi [007] er lítill rúst sem stendur á litlum en greinilegum hól.**Minjalýsing:** Rústin er frekar lítill og hefur tvö hólf og eru dyr á þeim báðum. Veggir eru um 60 cm háir. Utanmál rústarinnar er 8 metra á lengd og 5 metrar á breidd. Rústin er gróin en þó sér í hleðslur.

Mynd 14. Rúst með tveimur hólfum.
Ljós: MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-010**Hlutverk:** Óþekkt/smiðja?**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623471 A 298038**Staðhættir:** Um 40 metra norður af bæjarhól Hóls er rúst. Í örnefnaskrá segir: „Bærinn stóð á háum hól ofan við Hvamm. Utan við hann er Smiðjuhóll,

Mynd 15. Rúst sem líklega er smiðjurúst.
Tekið í A. Ljós: MHH.

kenndur við smiðju sem á honum stóð¹¹“.

Minjalýsing: Rústin er eitt hólf og opin í norðvestur. Þetta hefur verið lítið hús. Veggir eru um 50 cm háir. Innanmál rústarinnar er 4 metrar á lengd og 2 metrar á breidd. Veggir eru um 2 metrar á breidd.

Hóll- ÍS- 141043- 102-011


Hlutverk: Óþekkt/útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623485 A 298039

Staðhættir: Um 8 metra norður af rúst

[010] og 55 metra norður af
bæjarhólnum er rúst.



Teikning 5. Teikning sem sýnir umrædda rúst framan við hana er garðlag. Teikn: MHH.

Minjalýsing: Rústin er af litlu húsi og eru veggir mjög lágir eða um 20 cm. Húsið er ferhyrnt og opið til norðvesturs. Rústin er mjög gróin. Framan við hana er garðlag[012].

Hóll- ÍS- 141043- 102-012

Hlutverk: Óþekkt/Garðlag

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N 623491 A 298031

Staðhættir: Fast við rúst [011] er garðlag.

Minjalýsing: Líklega er um að ræða einhverskonar rétt. Hleðslan stendur við læk og er opinn út að læknum. Hleðslan er um 40 cm á hæð og er 11 metrar á lengd og 5 metrar á breidd.



Mynd 16. Garðlag framan við rúst. Tekið í A. Ljós: MHH.

¹¹ Örnefnaskrá Hóll í Önundarfirði

Hóll- ÍS- 141043- 102-013

Hlutverk: Óþekkt/útihús


Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623483 A 298074

Staðhættir: Um 74 metra norður af

bæjarhólnum er rúst. Rústin er eitt hólf en annað er óljóst við hliðina.

Minjalýsing: Rústin er fimm metrar á lengd og tveir metrar á breidd og við hliðina eru óljósar leifar að öðru rými.



Teikning 6. Teikning sem sýnir afstöðu við nærliggjandi minjar. Teikn: MHH.

Hóll- ÍS- 141043- 102-014

Hlutverk: Rétt/nátthagi

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623513 A 298015

Staðhættir: Um 6 metra austur af Hólsá er rúst.

Minjalýsing: Rústin er hlaðin úr grjóti og hefur nær ekkert hrunið. Líklegast er að um sé að ræða rétt eða nátthaga. Rústin er 5 metrar á lengd og 3 metrar á breidd og veggir um 50 cm á hæð. Op er í suðaustur horni réttarinnar.



Mynd 17. Rúst, líklega fjárrétt eða nátthagi. Tekið í N. Ljósm: MHH.

Hóll- ÍS- 141043- 102-015

Hlutverk: Óþekkt/útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623419 A 297960

Staðhættir: Um 40 metra vestur af bæjarhól Hóls er rúst af húsi.



Mynd 18. Rúst, líklega útihús. Tekið í A. Ljósm: MHH.

Minjalýsing: Stærð rústarinnar hefur verið 8 metrar á lengd og 4 metrar á breidd en nokkuð vantar af grjóti í norðurhlið rústarinnar. Hleðslur er hæstar um 70cm.

Hóll- ÍS-141043- 102-016

Hlutverk: Óþekkt/hleðsla

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623425 A 297942

Staðhættir: Um 60 metra vestur af bæjarhólnum er lítil ferhyrnd hleðsla. Í bókinni Firðir og fólk segir: „Byggð hófst reyndar að nýju árið 1932 og stóð að því sinni í sjö ár en fólk sem þá hafðist við átti heima í litlu timburhúsi er reist var á hólana fyrir neðan gamla bæjarhólinn og alveg rétt fyrir ofan þjóðveginn“¹².

Minjalýsing: Hleðslan er út grjóti en blandað steypu. Húsið er mjög ferhyrnt og líklega grunnur af timburhúsi sem byggt var árið 1932 og var í notkun til 1938 og er lýst hér að ofan.

Hóll- ÍS-141043- 102-017

Hlutverk: Náma

Tegund: Mógrafir

Staðsetning: N 623402 A 298128

Staðhættir: Um 100 metra austur af bæjarhólnum í lægð eru mógrafir

Minjalýsing: Greinilegt er að þarna hefur verið tekin mór enda svæðið blautt og mógrafirnar fullar að vatni í dag.



Mynd 19. Mógrafir aftan við bæinn. Tekið í A. Ljós: MHH.

¹² Firðir og fólk.1999:374

Hóll- ÍS-141043- 102-018**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623415 A 297943

Staðhættir: Um 48 metra frá þjóðvegi og 60 metra frá turni gömlu Hvalstöðvarinnar er hlaðinn grunnur. Í bókinni Firðir og fólk segir:

„Á Hóli lét hann einnig reisa bjálkabyggt

íbúðarhús er stóð rétt hjá litla timburhúsinu sem fyrr var nefnt [014]. Hið norska bjálkahús beið hér örlaga sinna í nokkra áratugi en á árunum upp úr 1940 var það tekið niður og endurbyggt á Ísafirði“.

Minjalýsing: Grunnurinn er af húsi og er steypa í honum ásamt því að múrsteinar úr hvalstöðvar mannvirkjum hafa verið steyppt í grunninn. Grunnurinn er 5x4 metrar að stærð. Múrsteinar gefa til kynna að þetta sé grunnur af umræddu bjálkahúsi.



Mynd 20. Rúst, líklega grunnur af bjálkahúsi sem var reist um leið og turnin. Tekið í S. Ljósm:MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-019**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Garður**Staðsetning:** N 623405 A 297922

Staðhættir: Um 20 metra frá þjóðvegi og 86 metra frá bæjarhólnum er garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn er grjóthlaðinn og snýr í norður-suður. Hann er 13 metrar á lengd. Hæstur er hann um 1 metri og breidd hans er 2 metrar.

Hóll- ÍS-141043- 102-020**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623680 A 298176**Staðhættir:** Upp með Hólsá töluvert frá bæjarhólnum eða 290 metra frá er grunnur af timburhúsi.**Minjalýsing:** Húsið tengist ekki búskap á Hóli

og er líklega ekki 100 ára gamalt en það er hlaðinn grunnur af húsinu. Brak úr húsinu er í grunninum og auk þess er þak þess og annað brak sjáanlegt niður með Hólsá. Ekki fornleifar.



Mynd 21. Rúst, hugsanlega af sumarhúsi. Tekið í N. Ljósm:MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-021**Hlutverk:** Aðhald/Rétt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623646 A 298088**Staðhættir:** Norðan við Hólsá um 230 metra frá Bæjarhólnum er fjárrétt.**Minjalýsing:** Réttin er heilleg og fallega hlaðin. Hleðslur hennar 120 cm á hæð. Réttin er 8x8 metrar að innanmáli og ferhyrnd og opin til suðvesturs út á fjörðinn. Breidd er 1 metri.

Mynd 22. Fjárrétt. Hinum megin Hólsár. Tekið í V.Ljósm:MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-022**Hlutverk:** Hvalstöð**Tegund:** Reykháfur**Staðsetning:** N 623374 A 297889

Staðhættir: Rétt við þjóðveginn sem liggur til Flateyrar í landi Hóls eru minjar af hvalstöð. Hvalstöðin var byggð stuttu eftir aldamót eftir að Hvalstöðin á Sólbakka brann. Þá var þessi reist en aldrei kom hvalur í stöðina og hún var aldrei notuð.

Mannvirki voru reist og mest áberandi er 15 metrar reykháfur hlaðinn út múrstein og við hlið hans

stendur stór járn ketill. Rústir af byggingum sem reistar hafa verið eru í kring. Í bókinni *Firðir og fólk* segir: „Eina mannvirkið frá fyrri tíð sem enn stendur uppi hér á Hóli er reykháfurinn mikli ofan við fjöruna en þar var hann reistur á fyrstu árum þessarar alda, skömmu eftir verksmiðjubrunann á Sólbakka árið 1901. Hans Ellefsen forstjóri hvalveiðistöðvarinnar var þá með ráðagerðir um að endurreisa stöðina og færa hana frá Sólbakka og að Hóli. Lét hann þá reisa þennan reykhauf sem er byggður úr rauðum múrsteinum og virðist vera um 10-12 metrar. Í fyrstu var hann reyndar mikið hærri því nær allur efri helmingurinn er hrunin. Er skorsteinninn hafði verið reistur ákvað Ellefsen að snúa blaðinu við og hætta öllum rekstri í Önundarfirði. Hér reis því aldrei hvalveiðistöð en járnketillinn stendur við hlið skorsteinsins og er líka frá dögum Ellefsen svo og hlaðnir grunnar sem aldrei náðu að þjóna sínum fyrirhugaða tilgangi“¹³.

Minjalýsing: Reykháfurinn er um 15 metrar. Hlaðinn út rauðum innfluttum múrsteinum. Stendur reykháfurinn inn í grunni af húsi sem hefur verið úr timbri. Grunurinn er 14 metrar á lengd og 8 metrar á breidd og stendur reykháfurinn í norðaustur horni hans.



Mynd 23. Mannvirki frá Hvalstöðini sem aldrei tók til starfa. Tekið í A. Ljós: MHH.

¹³ *Firðir og fólk*.1999:374

Hóll- ÍS-141043- 102-023**Hlutverk:** Óþekkt/hvalstöð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N 623368 A 297882

Staðhættir: Beint framan við reykháfinn og grunnin er lítil rúst. Í bókinni Firðir og fólk segir: „Eina mannvirkid frá fyrri tíð sem enn stendur uppi hér á Hóli er reykháfurinn mikli ofna við fjöruna en þar var hann reistur á fyrstu árum þessarar alda, skömmu eftir verksmiðjubrunann á Sólbakka árið 1901. Hans Ellefsen forstjóri hvalveiðistöðvarinnar var þá með ráðagerðir um að endurreisa stöðina og færa hana frá Sólbakka og að Hóli. Lét hann þá reisa þennan reykhaf sem er byggður úr rauðum múrssteinum og virðist vera um 10-12 metrar. Í fyrstu var hann reyndar mikið hærri því nær allur efri helmingurinn er hrúinn. Er skorsteinninn hafði verið reistur ákvað Ellefsen að snúa blaðinu við og hætta öllum rekstri í Önundarfirði. Hér reis því aldrei hvalveiðistöð en járnketillinn stendur við hlið skorsteinsins og er líka frá dögum Ellefsen svo og hlaðnir grunnar sem aldrei náðu að þjóna sínum fyrirhugaða tilgangi“¹⁴.

Minjalýsing: Rústin er hringlaga og nokkuð gróin en þó sér í hleðslur. Hæð er 50 sm. Innanmál er 3x3 metrar og þykkt veggja 1-3 metrar.

Hóll- ÍS-141043- 102-024**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** hleðsla/niðurgröftur**Staðsetning:** N 623371 A 297833

Staðhættir: Um 42 metra suðvestur af reykháfinum er hleðsla.

Minjalýsing: Hleðslan er L laga og við hana er niðurgröftur. Án efa er þetta hluti af þeim mannvirkjum sem reistar voru við hvalstöðina. Hleðslan er 11 metrar frá norðri til suðurs og 16 metrar í austur-vestur. Niðurgröftur er við austur enda. Hleðslan



Mynd 24. Garðlag við hvalstöðina. Tekið í V.Ljósm:MHH.

¹⁴ Firðir og fólk.1999:374

afmarkar tún frá fjöru.

Hóll- ÍS-141043- 102-025

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623342 A 297891

Staðhættir: um 28 metra frá Reykháfnunum eru leifa af nausti.

Minjalýsing: Naustið er 8 metrar á lengd og 2 metrar á breidd. Hleðslur grónar.



Mynd 25. Naust við sjóinn . Tekið í S. Ljóm:MHH.

Hóll- ÍS-141043- 102-026

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623429 A 297783

Staðhættir: Um 114 metra frá hvalstöðinni norðan megin við Ósa Hólsár er naust.



Mynd 26. Naust við sjóinn. Tekið í S. Ljóm:MHH.

Minjalýsing: Naustið er hlaðið úr stóru sæbörðu grjóti. Við rústina eru leifar af spili og rammgerðri keðju. Rústin er 8x2 metrar að innanmáli og hleðslur 40 cm.

Hóll- ÍS- 141043- 102-027

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 623439 A 297795

Staðhættir: Rétt ofna við naustið við ósa Hólsár er hringlaga rúst.

Minjalýsing: Rústin er gróin og ekki sér í hleðslur.

Rústin er 6x6 metrar að stærð. Hæð veggja er um 20-30 cm. Op er ekki sjáanlegt og líklega hrunið saman.



Mynd 27. Rúst við sjóinn. Tekið í V.
Ljósm: MHH.

5.FREMRI BREIÐDALUR Í ÖNUNDARFIRÐI

5.1 SAGA FREMRI BREIÐADALS

Jörðin Fremri Breiðadalur kemur fyrst fram í heimildum árið 1475 er bóndi á Hvilft selur bróður sínum jörðina. Jörðin var að fornu mati 12 hundruða jörð. Fremri Breiðadalur er í þjóðleið yfir erfiðan fjallveg milli Önundarfjarðar og Skutulsfjarðar og því mikill ágangur þreyttra ferðamanna á bænum en bílvegur opnaði yfir fjallið árið 1936 og göng árið 1996.

5.2. FREMRI BREIÐADALUR FORNLEIFAR

Minjar má sjá á korti 3.

Fremri Breiðadalur - ÍS-141037- 98-002

Hlutverk: Heimild um Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir: Í Jarðabók Árna og Páls Víталíns segir „Munnmæli segja að þessi bær hafi færður verið af nafnlausum tóftarrústum, sem hér eru niður með ánni og líklegt sýnist að í fyrndinni hafi bær verið, þó þar sé ekkert víst um að segja“¹⁵.

Minjalýsing Enginn merki fundust um þennan bæ á yfirborði.

Fremri Breiðadalur - ÍS-141037- 98-003

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Varnargarður

Staðsetning: N 621213 A 301579, N 621142 A 301595, N 620991 A 301534

Staðhættir: Fast við Þverá, sem rennur í landi Efri Breiðadals ofan við núverandi



Mynd 28. Garðlag ofan við bæinn. Tekið í S. Ljós: MHH.

¹⁵ Árna Magnússon og Páls Víталín . 1938,bls. 120

bæjarhús, eru garðlög meðfram ánni. Hnit voru tekin á miðju á öllum sjáanlegum pörtum garðsins.

Minjalýsing: Garðurinn er 40-60 cm á hæð og sjánlegur á nokkrum stöðum upp með ánni. Efsti hlutinn er 37 metrar á lengd, svo hverfur hann eftir 47 metra en kemur aftur fram og er sjánlegur á 24 metra kafla. Síðasti hluti garðsins er svo sjáanlegur 147 metra frá og er sá kafli 11 metra langur. Líklegt er að þetta sé allt partur af sama garðinum sem er horfin að stórum hluta.

Fremri Breiðadalur - ÍS-141037- 98-004

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Garður

Staðsetning: N 301470 A 621067

Staðhættir: Vestan megin við Þverá á móts við [003] má greina annað garðlag sem liggur upp í hlíðina. Garðlagið er mjög óljóst á vettvangi en má greina á loftmyndum. Garðurinn liggur innan framkvæmdasvæðisins en nær einnig út fyrir það.

Fremri Breiðadalur - ÍS-141037- 98-005

Hlutverk: Rétt

Tegund: Rúst

Staðsetning: N 301678 A 621272

Staðhættir: Austan við Þverá, er grjóthlaðin rétt. Hún er rétt fyrir utan afmarkað framkvæmdasvæði.



Mynd 29. Rétt, austan við Þverá. Mynd: BP.

Minjalýsing: Réttin er u.þ.b. 4x3 metrar að innanmáli og veggir hennar eru um metri á hæð. Hleðslur eru ekki mikið grónar og réttin nokkuð heilleg.

6. SAMANTEKT

Við rannsóknina var skoðað mjög afmarkað svæði meðfram þremur ám þar sem áformað er að virkja. Þetta er árnar Hólsá sem liggur í landi eyðibýlisins Hóls á Hvilftarströnd, Kaldá sem liggur í landi Kaldár og Kaldeyrar og Þverá sem liggur í landi jarðarinnar Fremri Breiðadalur. Niðurstöður voru sem hér segir eftir bæjum:

Hóll á Hvilftarströnd

Jörðin Hóll fór í eyði árið 1907 utan stuttrar búsetu í nokkur ár á fjórða áratug síðustu aldar. Á Jörðinni er mjög heilstætt menningarlandslag þar sem ekki hefur þurft að jafna út neinar tóftir vegna þess að jörðin byggðist ekki aftur.

Af þeim 27. minjum sem skráðar voru á bæjarstæði Hóls á Hvilftarströnd voru 19 innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis (tafla 1). Tvær skráðar minjar teljast ekki til fornleifa.

Tafla 1. Staðsetning minja með tilliti til framkvæmdasvæðis.

Númer minja	Lýsing	Tillit til framkvæmdasvæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-001	Bæjarhóll	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-002	Rúst	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-003	Heygarður	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-004	Kálgarður	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-005	Brunnur	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-006	Fjánhús	Utan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-007	Fjánhús	Utan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-008	Brunnur	Utan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-009	Útihús	Utan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-010	Rúst/smiðja	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-011	Rúst/ útihús	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-012	Garðlag/rétt	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-013	Rúst/útihús	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-014	Rúst/rétt	Innan svæðis

Hóll- ÍS- 141043- 102-015	Rúst/úthús	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-016	Hleðsla grunnur	EKKI FORNLEIFAR
Hóll- ÍS- 141043- 102-017	Mógröf	Utan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-018	Rúst/ Hlaðin grunnur	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-019	Garðlag	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-020	Rúst/grunnur	EKKI FORNLEIFAR
Hóll- ÍS- 141043- 102-021	Rúst/rétt	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-022	Mannvirki	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-023	Rúst	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-024	Hleðsla/ garðlag	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-025	Naust	Utan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-026	Naust	Innan svæðis
Hóll- ÍS- 141043- 102-027	Rúst	Innan svæðis

Þar sem bæjarstæðið á Hóli er mjög heilstætt menningarlandslag frá seinni hluta 19. aldar er mjög mikilvægt að tekið sé tillit til minja við skipulag og framkvæmdir á svæðinu. Flest allar minjar tilheyra þessu síðasta tímabili ábúðar á jörðinni.

Kaldá

Minjar á Kaldá eru 19 og þar af flestar á býli í landi Kaldár sem kallaðist Kaldeyri og var nokkru neðar við bæinn sjálfan eða niður við sjóinn þar sem Kaldár ós er. Framkvæmdasvæði sker bæjarhólinn á Kaldá. Flestar minjar á Kaldá eru í kring um nýbýlið Kaldeyri.

Fremri Breiðadalur

Innan framkvæmdasvæðis á Fremri Breiðadal fannst einn garður í þremur hlutum, auk þess er heimild um býli við ána frá miðöldum en ekki var vitað um staðsetningu þess og ekki sáust nein merki á yfirborði. Rétt austan við framkvæmdasvæðið er ein rétt.

Ljóst er að á öllum þessum jörðum eru nokkuð magn minja innan framkvæmdasvæðis sem er afmarkað meðfram ánum sem virkja á. Taka verður tillit til þessara minja við alla skipulagningu á svæðinu. Vekja skal athygli á því að minjar geta leynst undir sverði þó þær sjáist ekki á yfirborði. Ef minjar koma í ljós ber að stöðva framkvæmdir og hafa

samband við Minjastofnun ríkisins sem auk þess fer með alla umsögn á framkvæmdum á skipulagssvæðum.

7. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Firðir og Fólk. 1999. Vestfjarðarrit 1. Vestur Ísafjarðarsýsla. Búnaðarsamband Vestfjarða.

Ingivaldur Nikuslásson. 1932. Á sjó og landi; æfisaga Reinalds Kristjánssonar pósts milli Ísafjarðar og Bíldudals, sögð af honum sjálfum. Reykjavík: Reykjavíkúrútgáfan, 1932-1936.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá í landi Hóls á Hvilftarströnd í Önundarfirði

Örnefnaskrá í landi Kaldár í Önundarfirði





